

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 Reykjavík og Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar kt. 590169-7579, Strandgötu 6 gera með sér svohljóðandi

Samningur um greiðslu gistináttgjalds í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar fyrir utangarðsfólk

Reykjavíkurborg rekur tvö neyðargistiskýli fyrir húsnæðislausu einstaklinga. Gistiskýli að Lindargötu er ætlað húsnæðislausum karlmönnum en Konukot, sem rekið er í samstarfi við Rauða krossinn í Reykjavík, er ætlað konum. Dvöl í neyðargistiskýlum er tímabundin á meðan verið er að vinna að lausn á húsnæðisvanda gesta og er þjónustan þeim að kostnaðarlausu.

1. gr.

Þjónusta sem samið er um

Einstaklingar með lögheimili í Hafnarfirði fá aðgang að Gistiskýlinu á Lindargötu og í Konukoti á meðan húsrúm leyfir, þó þannig að gætt skuli að öryggi gesta og starfsmanna hverju sinni. Utangarðsfólk með lögheimili í Hafnarfirði hafa sama forgang að rýmum og reykvískir einstaklingar á meðan húsrúm leyfir.

Fjölskylduþjónustan Hafnarfjarðar tilnefnir sérstakan tengilið annarsvegar við Gistiskýlið og hins vegar við Konukot. Tengiliðir og forstöðumenn koma sér upp reglubundnu samstarfi á meðan unnið er að lausn á húsnæðisvanda gesta.

Gengið er út frá því að málefni þeir hafnfirsku einstaklingar sem þurfa á neyðargistingu að halda í Reykjavík séu til virkrar meðferðar hjá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og kapp sé lagt á að finna umræddum einstaklingum viðunandi húsnæðisúrræði sem allra fyrst.

Forstöðumenn Gistiskýlis og Konukots upplýsa tengiliði hjá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar um þá einstaklinga sem gista í Gistiskýli og Konukoti og aðilar tryggja að gott samstarf sé um málefni þeirra einstaklinga sem um ræðir.

Reikninga vegna dvala einstaklinga í neyðargistiskýlinu skal senda á 101-26-56-530269-7609 Þar skal koma fram kennitala viðkomandi einstaklinga og tímabil dvalar.

2. gr.

Markmið

Markmið samnings þessa er að veita einstaklingum með lögheimili í Hafnarfriði neyðargistingu og samastað í skamman tíma meðan verið er að leita að lausn á húsnæðisvanda þeirra. Öll þjónusta Gistiskýlis og Konukots er þeim að kostnaðarlausu.

3. gr.

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á XIII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum, varðandi aðstoð við áfengissjúka og vímuegjafavarnir.

4. gr.

Fjárhæðir og greiðslutilhögun

Samtals greiðir Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar kr. 12.500 (Tólfþúsundogfimmhundruðkrónur) fyrir hverja gistinótt í neyðargistiskýlum Reykjavíkurborgar.

Gistináttagjald skal greiða ársfjórðungslega samkvæmt útsendum greiðsluseðli og fylgja innheimtureglum Reykjavíkurborgar.

Gistigjaldið er tengt ísitölu neysluverðs til verðtryggingar (grunn 1988) og er uppfært á 3ja mánaðar fresti.

5. gr.

Upplýsingagjöf og samráð

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar upplýsingar um fjölda gesta sem gista í neyðarathvörfum þjónustukaupa í lok hvers rekstarárs.

Aðilar skulu hafa með sér samráð á samningstímanum um þau atriði sem þeir telja þörf fyrir. Hvor aðili um sig getur boðað til slíks samráðsfundar.

Komi upp sú aðstaða á samningstímanum að Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telji sér ekki unnt að standa að fullu við skuldbindingar samkvæmt samningi þessum skal Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar tilkynnt um það án tafar.

6. gr.

Skýrslur, eftirlit og árangur

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar árlegar upplýsingar um fjölda þeirra hafnfirsku einstaklinga sem sótt hafa neyðargistiskýlin og tímalengd dvalar. Einnig aðrar þær upplýsingar sem fram munu koma frá neyðargistiskýlum um eftirlit og árangur þjónustunnar sem teknar verða saman á grundvelli þeirra kröfulýsinga sem fylgja úrræðunum.

7. gr.

Þagnarskylda og meðferð upplýsinga

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái ekki aðgang að þeim. Starfsmenn velferðarsviðs eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi.

Þagnarskylda helst þó svo að samningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn þjónustusala láta af störfum.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal halda sjá til þess að viðunandi atvikaskráning sé viðhöfð við veitingu þjónustunnar sbr. 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 sem gilda um þjónustuna, sbr. 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

8. gr.

Meðferð stjórnýsluvalds

Að því leyti sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með stjórnýsluvald að einhverju leyti á grundvelli þessa samnings eða athafna sem leiða af tilvist hans þá ber velferðarsviði Reykjavíkurborgar að gæta að málsmeðferðarreglum stjórnýslulaga nr. 37/1993 ásamt meginreglum stjórnýsluréttarins.

9. gr.

Vanefndir og riftun

Komi upp ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu þeir leitast við að jafna ágreining sinni. Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

Veruleg vanefnd, sem getur leitt til riftunar samnings, telst t.d. vera vanefndir á greiðslum. Lögmeðt sjónarmið skulu ávallt vera skilyrði riftunar samningsaðila á samningi þessum.

10. gr.

Starfsmenn

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsmenn sína.

11. gr.

Ágreiningsmál

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

12. gr.

Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

13. gr.

Breytingar á samningi.

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

14. gr.

Uppsögn

Uppsögn samningsins er heimil báðum samningsaðilum með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn samningsins skal vera skrifleg og skal uppsagnarfrestur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst.

**15. gr.
Gildistími**

Samningur þessi gildir frá 16. júní 2017

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 16. júní 2017

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



Kristjana Gunnarsdóttir

f.h. Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðarbæjar



Þórunn Þorvaldsson